

## 215. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 24. ágúst 2006 kl. 17.00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP  
Elísabet L. Björgvinsdóttir, ELB  
Ólafur Guðmundsson, ÓG  
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri EF  
Lárus Á. Hannesson, LÁH  
Berglind Axelsdóttir, BA  
Davíð Sveinsson, DS  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

### 1. Fundargerðir bæjarráðs.

#### 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 409, dags. 22.7.2006.

Fundargerðin er í 20 tölusettum liðum.

**Liður 1.1. fundargerð hafnarstjórnar.** Liður 3 varðandi erindi Sæferða vegna akstursbrúar Baldurs samþykktur. Liður 4 varðandi áætlun á farþegafjölda samþykktur. Liður 6 breyting á 12. grein gjaldskrár Stykkishólmshafnar þ.a. ferjur greiði eftir umfangi sorps skv. taxa þess aðila sem Stykkishólmsbær hefur samning við um sorphirðu á hverjum tíma samþykktur. Fundargerðin í heild samþykkt. Til máls tóku: GDP, EF, LÁH.

**Liður 1.3. fundargerð skipulags- og byggingarnefndar.** Liður 1 varðandi leyfi til byggingar á einbýlishúsi við Hjallatanga 20 samþykktur. Liður 4 varðandi breytingu á innkeyrslu að húsi við Tjarnarási nr. 1. Afgreiðsla nefndarinnar að heimila ekki innkeyrslu frá Búðarnesvegi samþykkt. Fundargerðin í heild samþykkt. Til máls tók: GDP.

**Liður 1.4. fundargerðir þjónustuhóps aldraðra.** Samþykkt að úthluta Magnúsi Sigurðssyni kt. 010536-3919 þjónustuíbúðinni sem um ræðir. Til máls tóku GDP, EF. Samþykkt samhljóða.

**Liður 3.1. lóðarumsókn.** Samþykkt að veita Láru Gunnarsdóttur og Ólafi K. Ólafssyni lóðina að Hjallatanga 9. Samþykkt samhljóða.

**Liður 3.2. lóðarumsókn.** Samþykkt að veita Guðmundi Þór Guðþórssyni lóðina að Hjallatanga 26. Samþykkt samhljóða.

**Liður 3.3. lóðaumsókn.** Samþykkt að veita Páli Aðalsteinssyni lóðina að Hjallatanga 2. Samþykkt samhljóða.

**Liður 4 tilnefningar í stjórnir:**

a) Náttúrustofa Vesturlands.

Samþykkt að tilnefna Gretar D. Pálsson, Katrínu Pálsdóttur og Hilmar Hallvarðsson. Samþykkt samhljóða. Til máls tók GDP.

b) Stjórn Dvalarheimilis aldraðra.

Samþykkt að tilnefna Róbert W. Jörgensen, Katrínu Gísladóttur og Guðbjörgu Egilsdóttur. Til vara Elísabetu L. Björgvinsdóttur, Katrínu Pálsdóttur og Birnu Pétursdóttur. Samþykkt samhljóða.

c) Stjórn FSH.

Samþykkt að tilnefna Gretar D. Pálsson, Erlu Friðriksdóttur og Lárus Á. Hannesson. Til vara Elísabetu L. Björgvinsdóttur, Ólaf Guðmundsson og Berglindi Axelsdóttur. Samþykkt samhljóða.

**Liður 7** reglur um fjárhagsaðstoð frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga samþykktar. Samþykkt samhljóða.

**Liður 9** varðandi bréf framkvæmdanefndar Ljósmyndasafns Stykkishólms, samþykkt að skipa Erlu Friðriksdóttur sem fulltrúa í framkvæmdanefnd Ljósmyndasafns Stykkishólms í stað forstöðumanns bókasafns. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku: GDP, EF.

**Liður 11** varðandi það að fara í viðræður við UMFÍ. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku: LÁH, EF.

**Liður 12** bréf framkvæmdastjóra Danskra daga 2006. Samþykkt að Dönsku daga nefndin verði umsagnaraðili um leyfi til dansleikjahalds á Dönskum dögum. Samþykkt samhljóða.

**Liður 13** erindi Gunnhildar Gunnarsdóttur vegna Evrópumóts 16 ára og yngri í körfuknattleik. Samþykkt að veita Gunnhildi Gunnarsdóttur styrk að fjárhæð kr. 20.000. Samþykkt samhljóða.

**Liður 14** varðandi íbúðabyggð í Víkurhverfi. Samþykkt að ljúka deiliskipulagsvinnu áður en gengið verður til samninga um hluta af íbúðabyggð í Víkurhverfi. Hverfinu verði áfangaskipt og lögð áhersla á að flýta deiliskipulagsvinnu eins og unnt er. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku: DS, EF, BA, GDP.

**Liður 15** varðandi verslun Skipavíkur. Samþykkt samhljóða að fara í viðræður við Skipavík ehf. varðandi innanhúsvinnu. Til máls tóku: GDP, EF, LÁH, DS, ELB.

**Liður 17** varðandi yfirborðsfrágang miðbæjar. Samþykkt að vinna kostnaðaráætlun á undirvinnu og lögnum. Samþykkt samhljóða.

**Liður 18** flutningur á Aðalgötu 19 (Jaðri) yfir á lóð við Laufásveg. Umræður urðu um málið. Lárus Á. Hannesson lagði fram tillögu þess efnis að málið fari í grenndarkynningu. Tillögu hafnað með fjórum atkvæðum gegn þremur. Gretar óskar bókað að grenndarkynning hafi átt sér stað með fundum með íbúum við Laufásveg og leitast hafi verið við að fara í öllu að þeirra óskum eins og kostur er. Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur að fela bæjarstjóra að ganga til samninga um flutning á Aðalgötu 19. Til máls tóku: EF, DS, GDP, BA, ÓG, LÁH.

**Liður 19** deiliskipulagsvinna við Borg (Skúlagötu 21). Samþykkt samhljóða að fullvinna deiliskipulag við Borg, innkalla landspildu við Borg og vinna nýtt lóðabréf fyrir Skúlagötu 21. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku: GDP, DS, LÁH, EF, BA.

**Liður 20** tillaga varðandi niðurrif slökkvistöðvar við Aðalgötu 6a. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin afgreidd samhljóða.

## **1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 410, dags. 10.8.2006.**

Fundargerðin er í 11 tölusettum liðum.

**Liður 1.1.** skipulags- og byggingarnefnd liður 1 varðandi leyfi til að byggja við Austurgötu 5. Samþykkt samhljóða.

Liður 4 varðandi niðurrif á Aðalgötu 6a (gamla slökkvistöðin) í eigu Stykkishólmsbæjar, erindi þegar afgreitt.

Liður 5 afturköllun á byggingarleyfi við Reitarveg nr. 4 frá Daða Heiðari Sigurþórssyni og Hjálmdísi Berglindi Bergmannsdóttur. Samþykkt samhljóða.

Liður 6 varðandi umsókn um leyfi frá Hólmgæiri S. Þórsteinssyni um byggingu stiga frá svölum niður á sólpall og geymslu undir svölum ásamt sólpalli og skjólgirðingu við Aðalgötu 14. Samþykkt samhljóða.

Liður 7 Fyrirspurn frá Skipavík ehf./Sævari Harðarsyni um að byggja sex íbúða raðhús við Laufásveg 33-43 sbr. teikningu dags. 20.06.06. Fyrirspurn er í samræmi við gildandi skipulag.

*Bókun nefndar: Nefndin leggur til að gildandi deiliskipulag af miðbæ verði endurskoðað vegna mikils umferðarþunga og bílastæðavanda sem skapast hefur við núverandi nýtingu hússins við Laufásveg nr. 21-31, sem mun aukast við byggingu húss nr. 33-43. Athugað verði með aðkomu að húsunum Borgarbrautarmegin.*

Bókun samþykkt og fundargerðin í heild samþykkt. Til máls tók GDP, DS, ÓG. Davíð Sveinsson situr hjá vegna tengsla við Skipavík ehf.

**Liður 2** Ársreikningur FSH ehf. fyrir árið 2005 og fundargerð aðalfundar FSH ehf. 2006.

Liður 6 önnur mál, fram kom tillaga um hækkun húsaleigu um 10% frá 1. september 2006 og að húsaleiga hækki miðað við hækkun neysluvísitölu fjórum sinnum á ári, næst hækkar húsaleiga 1. janúar 2007. Tillögur samþykktar. Til máls tóku: GDP, DS. Fundargerð samþykkt.

**Liður 3.1. lóðarumsókn.** Samþykkt að veita Eddu Baldursdóttur lóðina að Reitarvegi 6a. Samþykkt samhljóða.

**Liður 3.2. lóðaumsókn.** Umsókn Heimis Laxdal Jóhannssonar hafnað þar sem lóðin er ekki til úthlutunnar samanber ákvörðun bæjarstjórnar á fundi þann 26. maí 2005 að úthluta ekki lóðum í miðbæ Stykkishólms þar til annað er ákveðið. Samþykkt samhljóða.

**Liður 3.3.** framkvæmdafrestur. Samþykkt að veita Sigurjóni Jónssyni framkvæmdafrest í sex mánuði vegna Hjallatanga 32. Samþykkt samhljóða.

**Liður 4** tilboð í búnað vegna leikskóla við Búðarnesveg. Samþykkt að ganga að tilboði Pennans í lausan húsbúnað í starfsmannaáðstöðu að upphæð kr. 985.000. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku: ELB, GDP. Elísabet situr hjá.

**Liður 6** erindi Sæferða ehf., varðandi umsókn um leyfi til að halda dansleik á Dönskum dögum 2006 og umsókn um veitingaleyfi í tengslum við

dansleikinn ásamt umsögnum framkvæmdastjóra Danskra daga og tölvupósti frá sýslumanni Snæfellinga.

Erindi hafnað á grundvelli fyrirliggjandi umsagna. Samþykkt samhljóða. Lárus sat hjá vegna tengsla við Sæferðir ehf.

**Liður 7** Garðaflöt 1-3a rekstraryfirlit og áætlun um viðhalds- og endurbótakostnað. Erindi vísað frá bæjarráði til bæjarstjórnar. Gretar lagði fram tillögu þess efnis að leitað verði eftir tilboðum í Garðaflöt 1-3a í heild sinni. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku: GDP, LÁH.

**Liður 9** tillaga frá Lárusi að flokkstjórar áhaldahúss og byggingarfulltrúi fylgist með skemmdum er verða á gangstéttum og sjái um að tjónvaldur greiði tjónið. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku: LÁH, ÓG, GDP.

**Liður 10** tillaga frá Lárusi að fundi bæjarstjórnar verði hljóðvarpað á netinu. Samþykkt að bæjarstjóri kanni kostnað við hljóðvarp á netinu. Til máls tóku: EF, LÁH, DS.

**Liður 11** fyrirspurn frá Lárusi varðandi að á fundi safna- og menningarmálanefndar 28. júní 2006 var samþykkt að ræða við fyrirverandi forstöðumann Amtbókasafns Stykkishólms, Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur, um að taka að sér forstöðu safnsins að nýju. Bæjarstjóri svaraði fyrirspurninni þess efnis að Sigurlína hafi hafnað beiðninni. Til máls tóku: GDP, EF, LÁH, BA.

Fundargerðin afgreidd samhljóða.

## **2. Fundargerðir nefnda.**

### **2.1. Hafnarstjórn, dags. 10.7.2006.**

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

### **2.2. Safna- og menningarmálanefnd, dags. 28.6.2006.**

Fundargerðin framlögð og samþykkt.

### **2.3. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 18.7. og 1.8.2006.**

Fundargerðir framlagðar og samþykktar fyrr á fundinum.

### **2.4. Þjónustuhópur aldraðra, dags. 13.7. og 20.7.2006.**

Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

## **3. Samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar og fundasköp bæjarstjórnar, síðari umræða.**

Samþykkt samhljóða. Til máls tóku: EF, GDP.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.58.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.